

Fréttapistill frá forseta Íslands

29. september 2019

Í nýliðinni viku lá leið okkar Elizu til Grænlands. Þar tóku grannar okkar vel á móti okkur. Á mánudaginn var hældum við fyrst í Þjóðminjasafn Grænlands og fórum svo í fræðsluferð um höfuðstaðinn Nuuk, bæ þar sem allt iðar af lífi, miklar framkvæmdir í gangi og fólki fjölgar sem aldrei fyrr. Grænendingar flytja nú margir frá hinum dreifðu byggðum og vilja frekar búa í þéttbýli. Það eykur á þær áskoranir sem þegar eru til staðar. Grænendingar gera sér grein fyrir þeim mikla vanda sem við er að etja víða í samfélaginu, þunglyndi og sjálfsvígum og kynferðisofbeldi, ekki síst gegn börnum. En þeir vilja gera betur, eru á réttri leið og ekki væri það til góðs ef allir gestir að utan settu sig í gervi sjálfum glaðra siðapostula. Hitt þótti mér vænt um að finna hversu mikils Grænendingar meta vinastarf Hrafns Jökulssonar, Kristjönu Motzfeldt og margra fleiri.

Og þá vikur sögunni einmitt að hápunkti mánudagsins í Nuuk: Mér hlotnaðist sá heiður að sæma hjónin Benedikte Thorsteinsson og Guðmund Þorsteinsson riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir áralöng störf í þágu samstarfs og vináttu Íslands og Grænlands. Mikið var það ánægjuleg stund.

Á þriðjudegi tóku við fundir, m.a. með Vivian Motzfeldt, forseta grænenska landsþingsins, og Kim Kielsen forsætisráðherra. Það er gott íslenskt heiti yfir leiðtoga grænensku stjórnarinnar, bæði eftir heimastjórn 1979 og sjálfstjórn 2009. Á ensku kallast Kielsen „premier“ eða „prime minister“, m.a. á heimasíðu landstjórnarinnar, og á heimastjórnarárum okkar kölluðum við Íslendingar Jón Magnússon, leiðtoga fyrstu íslensku ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra. Og ólíkt Færeyingum, sem kalla sinn stjórnarleiðtoga lögmann, eiga Grænendingar ekki slíkt sérstakt norrænt orð yfir forsvarsmann landstjórnarinnar.

Við Kielsen fórum í skemmtilega sjóferð um Nuukfjörð, í einmuna veðurbliðu. Þar bar það helst til tíðinda að Kim kom auga á seli og hófst nú barátta veiðimanns og bráðar. Þar varð það skepnunum til happs að forsætisráðherrann hafði ekki eigin riffil og geiguðu skotin hvert af öðru. Færið var auk þess langt. Kim er annars þekktur veiðimaður og frystikistur á heimili þeirra Judithe konu hans fullar af villibráð.

Þennan sama dag heimsótti Eliza Kvennaathvarfið í Nuuk, ræddi við Aviâja Egede Lyng, talsmann barna á Grænlandi, og Söru Olsvig hjá Unicef, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Eliza segir nánar frá þessum fundum á sinni fésbókarsíðu, www.facebook.com/elizajeaneid, og hér rek ég ferðasöguna annars ekki í smáatriðum en vísa til fréttar á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is.

Síðasti miðvikudagur var lokadagur heimsóknarinnar. Þá lágu leiðir okkar Guðmundar Þorsteinssonar aftur saman. Gujo, eins og hann er þekktur í Grænlandi, rekur Kofoed-skólann í Nuuk, athvarf þar sem þeir fá aðstoð og skjól sem á því þurfa að halda. Einatt er það fólk sem glímur við áfengisnautn, hassnotkun og spilafíkn. Þarna vinna Guðmundur og hans lið ómetanlegt starf í þágu þeirra sem þurfa stuðning, samúð og skilning. Margar sigursögur má segja af þessu starfi, sögur af

þeim sem áttu sér litla von en öðluðust sjálfstraust og styrk og leggja núna sinn skerf til samfélagsins.

Síðdegis var sérlega notalegt og að halda í smá hlaupatúr með Agli Steingrímssyni dýralækni og hlaupafélögum hans. Rifjaðist þá upp kvæði í nýjustu ljóðabók Þórarins Eldjárns:

Legg ekki upp laupa
en land undir il.
Held út að hlaupa,
hlakka til.

Á miðvikudeginum heimsóttum líka rannsóknastofnun í loftslagsmálum og sjávardýrafræðum. Grænlandsjökull bráðnar nú sem aldrei fyrr og vistkerfið breytist sem því nemur. Þá lá leið okkar Elizu í höfuðstöðvar Royal Arctic Line þar sem við kynntum okkur stórhuga áform um auknar siglingar milli Grænlands og umheimsins, um Ísland þegar það hentar þeim og okkur. Í því sambandi má auðvitað líka nefna þá byltingu fram undan í flugmálum Grænlandinga – nýja og betri flugvelli – sem alkunna er og nokkuð var rætt um í ferðinni. Framtíð þessarar vinnu okkar er björt ef rétt er á málum haldið og samgöngur skipa þar lykilsess, á lofti, legi og láði þar sem það á við. Þannig eflast innviðir samfélagsins, útflutningur eykst og verður á þeirra forsendum og ferðamönnum fjölgar. Allt skapar það atvinnu og tekjur.

Hvaða áhrif hefur þetta á náttúru og umhverfi? Þar ræður mannhöndin miklu. Ný skip Grænlandinga eru vistvænni en fyrri fley og binda verður vonir við framfarir í flugsamgöngum, sparneytni og rafmagnsflugvélar í framtíðinni (þær eru þegar til en bera lítið og draga). Ekki hættum við að fljúga, allra síst þjóðir eins og Grænlandingar og Íslendingar, fjarri öðrum og yfir höf að fara. Vissulega má fækka ónauðsynlegum ferðum en fólk má samt fljúga í frí og fljúga vegna vinnu. Ungmenni mega hlakka til að fljúga á vit ævintýra eða menntunar erlendis og koma svo aftur, uppfull af þekkingu um heiminn. Eldri borgarar, sem á því hafa efni, mega fljúga til útlanda, hressa sig við og snúa heim sælir og glaðir. Flugviskubit skilar engu.

Við Eliza flugum sem sagt aftur heim með föruneysi okkar, ánægð með góða ferð til vina okkar Íslendinga í Grænlandi. Þeir geta svo sannarlega skapað sér og næstu kynslóðum öflugt samfélag. Asasakka kalaallit: Qujanaq tikeraarsinnaagassi. Islandimiut sinnerlugit asannittumik qujanarujussuaq!

Við heimkomuna biðu skemmtileg verkefni eins og endranær. Ég nefni hér t.d. fund með Ólafi Hrafni Steinarssyni, formanni Rafíþróttasamtaka Íslands. Gaman var að fræðast um góðan árangur Íslendinga í tölvleikjum á alþjóðavettvangi. Auk þess ræddum við gildi rafíþróttanna í nútímasamfélagi og nauðsyn þess að skapa heilbrigðan og öflugan vettvang fyrir þá sem þær vilja stunda, til dæmis innan íþróttafélaga og í skipulögðu tómstundastarfi. Þá var minnst á það hvernig ábyrgðarfull og skynsamleg iðkun tölvuleikja getur aukið sjálfstraust fólks, félagsleikni og skipulagshæfni. Allt er gott í hófi, það gildir í þessu sem öðru. Og ég þakka kærlega fyrir góða gjöf, treyju íslenska liðsins Dusty sem hefur gert garðinn frægan á mótum erlendis, m.a. í leiknum League of Legends.

Þá nefni ég ráðstefnu um konur og siglingar, í tilefni Alþjóða siglingadagsins á fimmtudaginn var. Ég flutti þar opunarávarp og vék m.a. að landhelgismálum og þorskastríðum, vitnaði öðrum þræði í eigin rannsóknir en studdist auðvitað mest við verk annarra sem þekkjá söguna um sjósókn kvenna betur en ég. Ég náði að hlýða á fróðleg erindi Margaret Willson og Joanna Nunan, aðmírals í bandarísku strandgæslunni. Nunan lýsti vel hversu erfitt en nauðsynlegt það var að auka fjölbreytni og samkennd á þeim vinnustað og í bandaríska sjóhernum þar sem hún þekkir vel til. Hægt er að horfa á ráðstefnuna alla hér:

<https://livestream.com/.../events/8831421/videos/196908037>

Í fyrradag nutum við Eliza þess svo að taka á móti kjörræðismönnum Íslands víða um heim. Þeir eru alls 213, í 90 löndum, og meginþorri þeirra var hér á ráðstefnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Ræðismenn vinna ómetanlegt starf í þágu Íslands og Íslendinga, ekki síst ef vanda ber að höndum. Við höfðum mjög gaman af því að hitta alla þessa góðu fulltrúa okkar.

Síðar í dag bíður svo viðureign Íslands og Frakklands í handbolta kvenna. Stelpurnar okkar eiga allan stuðning skilinn og ég hvet alla, sem á því hafa tök, að mæta á Ásvelli í Hafnarfirði kl. 16:00 í dag (það er frítt inn). Áfram Ísland!

Hér að neðan eru nokkrar myndir frá liðinni viku en sem fyrr bendi ég á heimasíðu forseta Íslands, www.forseti.is. Bestu kveðjur til ykkar allra.